



Magnús Orri Schram vill skapa umhverfi á Íslandi sem er hagfellt fyrir hugbúnaðarfyrtæki. Ljósmynd/Hari

Vilja skattalega hvata fyrir hugverkaiðnað

Hópur þingmanna mun á næstunni leggja fram þingályktunartillögu sem felur í sér að skoðað verði hvort stjórnvöld geti tekið upp fleiri skattalega hvata fyrir fyrirtæki í hugverkaiðnaði – bæði til að bæta umhverfi þeirra og til að tryggja að þau leiti ekki annað.

Við viljum að kannað sé hvort hægt sé að taka upp fleiri skattalega hvata til að laða að fyrirtæki og styrkja núverandi. Við erum sérstaklega að horfa til hugverkaiðnaðar þar sem hann hefur langmesta vaxtarmöguleika af útflutningsgreinum og gengur ekki á okkar takmörkuðu náttúruauðlindir. Þessi fyrirtæki hafa næstum ótakmarkaða vaxtarmöguleika enda byggja þau tilvist sína á hugviti starfsmanna öfugt við aðrar útflutningsgreinar sem byggja samkeppnishæfni sína beint eða óbeint á takmörkuðum auðlindum,” segir Magnús Orri Schram, þingmaður Samfylkingarinnar, í samtali við Fréttatímann. Hann, ásamt fjórtán

öðrum þingmönnum, mun á næstunni leggja fram þingsályktunartillögu varðandi mögulegar skattavilnanir fyrir fyrirtæki.

„Það er mikilvægt að við gerum allt sem við getum enda eigum við á hættu að missa þessi fyrirtæki úr landi því samkeppnin er mikil á milli landa. Fjöldmörg ríki hafa tekið upp sérstaka hvata til að gera umhverfi hagfelldara fyrir svona fyrirtæki og ég vil að það sé skoðað hvað við getum gert, án þess að brjóta alþjóðlega viðskiptasamninga. Markmiðið er tvíþætt. Að gera umhverfið hér heima betra svo þau geti vaxið og að tryggja að þau leiti ekki annað vegna hagstæðari skattaumhverfis erlendis,” segir Magnús Orri.

Hann bendir á að Kanadamenn hafi verið í fararbroddi í að búa til hagstæð skilyrði fyrir slík fyrirtæki. „Í Quebec-ríki er sérstakur skattafrádráttur sem er ætlaður til að styrkja tölvuleikjaiðnaðinn og í Nova Scotia er í boði endurgreiðsla á hluta launakostnaðar fyrirtækja sem setjast að eða stækka í fylkinu. Ég vil að við gerum eitthvað svipað,” segir Magnús Orri.

Þessir flytja tillöguna með Magnúsi Orra:

Valgerður Bjarnadóttir, Lúðvík Geirsson, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Björgvín G. Sigurðsson, Skúli Helgason, Helgi Hjörvar, Ólína Þorvarðardóttir, Magnús M. Nordal, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Þór Saari, Guðmundur Steingrímsson, Margrét Tryggvadóttir og Birgitta Jónsdóttir.

Óskar Hrafn Þorvaldsson

oskar@frettatiminn.is